

Forvarnarteymi grunnskólanna – annar fundur

17. mars 2022 kl. 14:00

Mættir voru: Ólína skólastjóri, Jónína aðstoðarskólastjóri, Elínborg náms- og starfsráðgjafi, Anna Kristín sérkennari, Róbert yfirmaður Frístundar og félagsmiðstöðvar, Ragnar Matthías íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, Ragnar sálfræðingur, Kristín Arna kennsluráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu.

1. Verklagsreglur og viðbragðsáætlanir skólans

Skólastjóri lagði fram tillögu að verklagsreglum og viðbragðsáætlun skólans. Um er að ræða viðbrögð við ofbeldi og áreitni af einhverju tagi, hvort sem starfsfólk eða nemendur eiga í hlut. Fyrir fundinn hafði skólastjóri borið hugmyndina undir félagsráðgjafa Barnaverndar sem kom með ábendingar. Umræður leiddu til þess að reglurnar verða látnar gilda fyrir Frístundaheimilið einnig.

Verklagsreglurnar voru samþykktar af fundarmönnum með áorðnum breytingum. Reglurnar verða birtar á heimasíðu skólans ásamt því að vera sendar foreldrum í tölvupósti.

2. Næsta verkefni

Næsta verkefni getur verið að ákveða verklagsreglur fyrir nemendur um viðbrögð við ofbeldi og/eða áreitni sem þeir verða fyrir að hálfu samnemenda eða starfsmanna. Elínborgu náms- og starfsráðgjafa, Önnu Kristínu sérkennara og Helgu Helgadóttur kennara var falið að gera drög að verklagsreglunum.

Rætt um áframhaldandi vinnu Forvarnarteymisins samkvæmt gátlista frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fundarmenn sammála um að teyminu og starfsmönnum skólans vanti fræðsluna sem boðuð var að hálfu Sambandsins.

3. Önnur mál

Á næsta fundi mun Súsanna skólahjúkrunarfræðingur kynna hlutverk skólahjúkrunarfræðings í skólum og helstu verkefni.

Hugmynd um að fá fræðslu fyrir flokkstjóra Vinnuskólans um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og bætt samskipti.

Næsti fundur verður 19.maí nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.45
Jónína Magnúsdóttir